

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

1. gr.

Heimild.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 36/2010 um sorphirðu og sorpeyðingu í Grímsnes- og Grafningshreppi.

2. gr.

Sorphirðugjald.

Innheimta skal sorphirðugjald af öllu íbúðarhúsnæði í Grímsnes- og Grafningshreppi samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Sorphirðugjaldið er samsetning af grátunnu og blátunnu og miðast við stærð þeirra íláta og losunartíðni hjá viðkomandi íbúðarhúsnæði.

Sorphirðugjald

<i>Ílátastærð</i>	<i>Grátunna kr.</i>	<i>Blátunna kr.</i>
240 l	11.780	5.109
660 l	33.993	15.642
1.100 l	55.867	25.283

Grátunna: losun á 14 daga fresti.

Blátunna: losun á 42 daga fresti.

3. gr.

Sorpeyðingargjald.

Innheimta skal sorpeyðingargjald af öllu húsnæði í Grímsnes- og Grafningshreppi, íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði og atvinnuhúsnæði. Sorpeyðingargjaldið skal vera í samræmi við áætlað magn heimilisúrgangs sem til fellur hjá viðkomandi húsnæði á ársgrunni ásamt umsýslukostnaði vegna þess.

Sorpeyðingargjald kr.

Íbúðarhúsnæði	12.884
Frístundahúsnæði	8.506
Lögbýli	5.671
Fyrirtæki	11.341

4. gr.

Gjaldtaka á móttökustöð.

Gjaldtaka á móttökustöð miðast við m^3 þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmur og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs. Húsráðanda er heimilt að afsetja á sjö daga fresti heimilisúrgang allt að $2 m^3$ án gjaldtöku. Gjaldtakan er að lágmarki fyrir $0,25 m^3$ og hleypur á $0,25 m^3$ eftir það.

Móttökugjald á einn m^3 er kr. 4.000.

5. gr.

Gjaldtaka þjónustuverktaka.

Gjaldtaka þjónustuverktaka vegna frístunda- eða atvinnuhúsnæðis skal taka mið af verk-samningi milli þjónustuverktakans og sveitarfélagsins, þannig að einingarverð sé aldrei hærra en verksamningur tilgreinir.

6. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 1. desember 2010 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands þann 14. janúar 2011. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 70/2010 fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 26. janúar 2011.

Ingibjörg Harðardóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 14. febrúar 2011